

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar þannig:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa, sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Luxembourg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Portúgal	7
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	10
Hið sameinaða konungsríki Stóra- Bretlands og Norður-Írlands	18“

Gjört í Strasbourg hinn 2. október 1976.

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Portugal	7
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	10
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

Done at Strasbourg, this 2nd day of October 1976.

Nr. 3.

9. febrúar 1977.

AUGLÝSING**um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.**

Hinn 4. febrúar 1977 var undirrituð í Reykjavík niðurstaða viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um heimildir annars vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar Færeyinga til loðnuveiða við Ísland.

Niðurstaðan er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sú skipan veiða, sem gert er ráð fyrir í niðurstöðunni tók gildi hinn 8. þ. m. að gefnu samþykki Alþingis og Lögbings Færeyja. Gildistími er takmarkaður samannber nánar fylgiskjal.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.**VIÐRÆÐUR**

milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.

Hinn 4. febrúar 1977 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan þessi:

Veiðar innan fiskveiðimarka Íslands.

Innan íslensku fiskveiðimarkanna, eins og þau eru ákveðin með reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975, skal 15 skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, heimilt að veiða loðnu til bræðslu í heimalandi á vetrarvertíðinni 1977, allt að 25000 smálestum samtals. Aldrei skulu fleiri en átta skipanna vera samtímis innan fiskveiðimarkanna.

Færeyska landsstjórnin lætur íslenskum stjórnvöldum í té lista yfir nefnd 15 skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við loðnuveiðar, þar á meðal reglum um friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni, meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Íslands. Við brottför af veiðisvæði hverju sinni skal skipstjóri hvers skips tilkynna Loðnunefnd hvar aflinn er veiddur og áætlað aflamagn, en staðfestar aflatölur skulu síðan sendar Fiskifélagi Íslands.

Veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja.

Innan færeysku fiskveiðimarkanna skal 15 skipum, sem skrásett eru á Íslandi, heimilt að veiða kolmunna til löndunar í heimalandi frá byrjun mars til júníloka 1977, allt að 25000 smálestum samtals. Ef notaðar eru tveggja skipa vörpur eykst fjöldi skipa í 17.

Íslensk stjórnvöld láta færeysku landsstjórninni í té lista yfir nefnd skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og færeysk skip við kolmunna-

SAMRÖÐUR

millum umboð fyri íslensku stjórnina og umboð fyri Föroya landsstýri.

Samröður hava verið í Reykjavík 4. februar 1977 millum umboð fyri íslensku stjórnina og Föroya landsstýri um sínámillum fiskirættindi. Niðurstöðan varð:

Fiskiveiða á íslensku landleiðini.

Á íslensku landleiðini so sum fyrisset í reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975 verður heimilað 15 föroyskum skipum at veiða tilsamans 25 000 tons av loðnu til bræðingar í heimalandi skipanna í vetrarveiðitíðini 1977, tó mugu í mesta lagi 8 skip í senn vera innan íslenskt fiskimark í hesi vinnu.

Föroya landsstýri sendur íslensku myndugleikunum növnini á 15 skipum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum íslensk skip á loðnuveiðu millum hesar, reglur um friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu föroysku skipini skulu dagliga boða íslensku sjóverjuni frá, hvar tey eru stödd, meðan tey fiska innanfyri íslenska fiskimarkið. Skiparin á hvörjum skipi skal, hvörja ferð hann fer av veiðiökinum, boða Loðnunevdini frá, hvar veiðan er tikin og ætlaðu veiðinögdina. Váttað veiðinögd skal síðani sendast Fiskifélagi Íslands.

Fiskiveiða á föroysku landleiðini.

15 skipum skrásett í Íslandi verður heimilað at veiða tilsamans 25 000 tons av svartkjafti til at landa í heimalandinum frá fyrst í mars til síðast í juni 1977. Um partrol verður nýtt, gerst skipatalið 17.

Íslensku myndugleikarnir senda Föroya landsstýri növnini á skipunum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum föroysk skip á svartkjafta-

veiðar, þar á meðal reglum um friðunar-svæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra íslenskra skipa skal daglega tilkynnt færeysku landhelgisgæslunni (vagar- og hjarging-artænastuni), meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja. Einnig skal nefndri stofnun tilkynnt koma skips í fiskveiðilögsögu Færeyja og brottför þess þáðan. Aflamagn skal tilkynnt Sjávarútvegsstofnuninni (Fiskivinnustovuni) eftir hverja löndun.

Rannsóknir á göngu kolmunna.

Íslensk og færeysk stjórnvöld telja æskilegt, að stofnað verði til samvinnu íslenskra og færeyskra fiskifræðinga um rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu milli Íslands og Færeyja.

Skipan þessi er háð samþykki Alþingis og Lögþings Færeyja.

veiðu millum hesar, reglur um friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu íslensku skip skulu dagliga boða Vagar- og hjargingartænastuni í Föroyum frá, hvar tey eru stödd, meðan tey fiska innanfyri föroyska fiski-markið. Somuleiðis skulu skipini boða nevnda stovni frá komu í föroyskan sjógv og fráferð. Fráboðan um veiðinögd skal aftaná hvörja landing verða send Fiskivinnustovuni.

Rannsóknir um svartkjaftagöngdina.

Íslenskir og föroyskir myndugleikar eru samdir í ynskinum um, at samvinna verður tikin upp millum íslenskar og föroyskar fiskifröðingar um rannsóknir í svartkjaftagöngdini á leiðini millum Íslands og Föroya.

Hendan skipan er treytað av samtykt Alþingsins og Föroya lögtings.

Reykjavík, 4. febrúar 1977.

Staðfest:

Einar Ágústsson

Atli Dam

Matthías Bjarnason.

Pétur Reinert.

Nr. 4.

9. febrúar 1977.

AUGLÝSING

um gildistöku samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Hinn 15. júlí 1977 tekur gildi samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, sem undirrituð var í London hinn 20. október 1972.

Samþykktin ásamt reglunum og öðrum viðaukum var birt sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 6/1975, þar sem greint var frá afhendingu fullgildingarskjals Íslands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.